



HÁSKÓLI ÍSLANDS

 Siðfræðistofnun

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík.

Siðfræðistofnun fagnar endurskoðun á lögum nr. 25 frá 1975. Við styðjum þá nálgun sem fram kemur í nýju frumvarpi þar sem að lög um ófrjósemisaðgerðir verða aðskilin frá umfjöllun um þungunarrof og fræðslu um kynlíf og getnaðarvarnir.

Fram kemur í greinargerð að megin inntak þeirra breytinga sem komi fram í nýrri löggjöf þurfi að fela í sér:

...lágmarksaldur umsækjanda um ófrjósemisaðgerð lækkaður í 18 ár í samræmi við ákvæði lögræðis laga. Einungis verði heimilt að framkvæma ófrjósemisaðgerðir á börnum (yngri en 18 ára) af læknisfræðilegum ástæðum, nánar tiltekið ef lífi eða heilsu stúlku væri stefnt í hættu með þungun eða fæðingu eða ef einsýnt væri að barn viðkomandi yrði alvarlega vanskapað og/eða lífshættulega veikt. Einnig leggur nefndin til að afmá skuli alla mismunun í lögunum gagnvart fötluðum einstaklingum.

Siðfræðistofnun styður þessa nálgun. Það er einkar mikilvægt í þessari endurskoðun að vísað sé til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og byggt á þeirri nálgun sem sá samningur gengur út frá. Við styðjum þau nýmæli í lögunum sem eiga að gæta þess að kynfrelsi fatlaðs fólks sé virt ásamt rétti þeirra til fjölskyldulífs. Siðfræðistofnun gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Siðfræðistofnunar,

Vilhjálmur Árnason,
stjórnarformaður

Astríður Stefánsdóttir,
í stjórn Siðfræðistofnunar